# FRÉTTABLAÐIÐ

174. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 25. JÚLÍ 2016




Þessir glæsilegu og ábúðarfullu St. Bernharðshundar voru meðal hátt 1.200 hreinræktaðra hunda á sýningu Hundaræktarfélags Íslands í Víðidal um helgi. Tíu dómarar frá sex löndum tóku þátt í að meta hundana. „Þetta tókst stórkostlega. Þetta er eins og þjóðhátíð fyrir okkur hundafólk að vera saman úti undir berum himni,“ segir Fríður Esther Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Hundaræktarfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Heilbrigðiskerfi Íslands rústað?

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þeir ætla sér að ráða þúsund starfsmenn. Hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, og svo framvegis,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, um fyrirhugað einkarekið sjúkrahús fyrir útlendinga í Mosfellsbæ.



Í grein sinni í Fréttablaðinu segir Kári að áformin myndu rústa íslensku heilbrigðiskerfi. **- þea / sjá síðu 13**

# Kæra stjórnanda Deildu

**DÓMSMÁL** Félag rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndagerð (FRÍSK) hefur ásamt öðrum höfundarréttarfélögum lagt fram kæru á hendur stjórnanda skráarskiptasíðunnar Deildu.net.

Þá hefur FRÍSK eitt og sér lagt fram kæru á hendur nokkrum af notendum síðunnar sem hafa hlaðið upp á hana íslenskum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Þetta staðfesta heimildir Fréttablaðsins.

Til þess að hafa uppi á hinum kærðu fengu félögin aðstoð frá utanaðkomandi fyrirtæki sem rannsakaði málið. Það hafði lögreglu ekki tekist að gera. Eitt félaganna, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF), hafði einmitt kært lögreglu fyrir seinagang í rannsóknum á Deildu.net.

> **1,1** milljarður er talinn tapast vegna ólöglegs niðurhals íslensks afþreyingarefnis ár hvert.

Tap innlendra höfundarréttarhafa vegna ólöglegs niðurhals er talið nema rúmum milljarði króna á ári. Það kemur fram í skýrslu um umsvif sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðar á Íslandi sem Capacent vann fyrir FRÍSK og var kynnt í maí.

Ekki náðist í Hallgrím Kristinsson, stjórnarformann FRÍSK, við vinnslu fréttarinnar. **- þea**

## Fréttablaðið í dag


**LÍFIÐ** Aldís Amah fer með aðalkvenhlutverkið í sýningunni Óþelló. **26**



**SKOÐUN** Ögmundur Jónasson skrifar um að taka upp varnarvísitölu lágtekjufólks. **12**

**SPORT** Íslandsmeistarar í golfi. **14**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




Skráðu þig í Ljósleiðara hjá Nova á nova.is í þjónustuveri Nova eða í næstu Nova verslun.

## Veður




Norðaustlæg eða breytileg átt í dag, víða hæg. Skýjað og rigning eða súld á víð og dreif. Hiti yfirleitt á bilinu 10 til 17 stig. SJÁ SÍÐU 18



**Netanjahú sagður vilja Palestínumenn af þingi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Palestínumenn á þingi uggandi

**ÍSRAEL** Ísraelska þingið hefur samþykkt harla nýstárleg lög sem gera þinginu kleift að reka þingmenn.

Þrír af hverjum fjórum þingmönnum þurfa að samþykkja brottrekstur og þurfa ekki aðra ástæðu en að vera ósammála hinum brottrekna að sögn Al Jazeera fréttastofan.

Mannréttindasamtök gagnrýna fyrirkomulagið. Palestínumenn óttast að missa alla sína þingfulltrúa.

„Þessi lög brjóta gegn öllum lýðræðisreglum og þeirri meginreglu að minnihlutahópar eigi að hafa fulltrúa á þingi," hefur Al Jazeera eftir Mohammed Zeida, framkvæmdastjóra mannréttindasamtaka í Nasaret. - **gb**

## Vinur morðingjans handtekinn

**ÞÝSKALAND** Sextán ára piltur hefur verið handtekinn í München í tengslum við skotárásina þar í borg á föstudag, þar sem 18 ára piltur myrti níu manns og særði tugi til viðbótar.

Sá sextán ára er grunaður um að hafa vitað um áform árásarmannsins fyrirfram, en ekki tilkynnt lögreglu um það. Þá er verið að rannsaka hvort hann hafi tekið þátt í að lokka fólk á staðinn með skilaboðum á Facebook.

Lögreglan segir að hinn handtekni hafi haft samband við lögreglu strax eftir árásina, en smám saman hafi komið í ljós misræmi í frásögn hans. **- gb** / **sjá síðu 8**

## Druslur á Skólavörðustíg




**Þúsundir tóku þátt í sjöttu Druslugöngunni í miðbæ Reykjavíkur á laugardag. Sem fyrr var tilgangurinn að fá fólk til að taka afstöðu gegn kynferðisofbeldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Íraksstríðið sagt illa undirbúið

**DANMÖRK** Ole Wøhlers Olsen, danskur sendiherra sem var héraðsstjóri í Írak um stutt skeið árið 2003, kennir lélegum undirbúningi, skipulagsleysi og stirðum samskiptum innan hernámsliðsins um að uppbygging þar í landi fór illilega úrskeiðis.

Hann kom til Basra í lok apríl árið 2003, þremur vikum eftir að innrás Bandaríkjanna, Breta og bandamanna þeirra hófst. Hann var gerður að héraðsstjóra í suðausturhluta landsins og átti að sjá þar um uppbyggingarstarf.

Olsen hefur lítið viljað tjá sig um þetta opinberlega þangað til breska Chilcott-nefndin skilaði nýverið af sér ítarlegri skýrslu um aðild Breta að Íraksstríðinu.

Þar kemur fram að bæði Bretar og Bandaríkjamenn hefi verið óánægðir með störf Olsens. - **gb**

# Erlendir fangar vilja að verðir geti talað ensku

**Fangar á Litla-Hrauni sem ekki tala íslensku eru ósáttir við litla enskukunnáttu starfsfólks. Þeir segja fangelsisreglur oft ekki vera þýddar. Tólf erlendir fangar eru á Litla-Hrauni í dag. Formaður félags fanga segir vandamálið ekki vera nýtt.**

**FANGELSI** Erlendir fangar á Litla-Hrauni sem tala ekki íslensku hafa kvartað undan lítilli enskukunnáttu starfsmanna fangelsisins.

Fangarnir kvarta líka undan því að reglur fangelsisins séu einungis til á íslensku þrátt fyrir að ítrekað hafi verið beðið um að reglurnar verði þýddar. Þetta kemur fram í bréfi sem fangar sendu blaðamanni

Upplýsingar til fanga við komu í fangelsið og lög um fullnustu refsinga eru meðal reglna sem vitnað er í. Þær reglur hafa ekki verið þýddar. Þá eru fangarnir ósáttir við það að Tryggvi Ágústsson, staðgengill forstöðumanns á Litla-Hrauni og deildarstjóri, tali ekki ensku eða neiti að minnsta kosti að eiga bein samskipti við fanga, sem tala ekki íslensku, á öðru tungumáli. Tólf erlendir fangar eru nú á Litla-Hrauni.

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga, segir að vandamálið sé ekki nýtt.

„Það eru starfsmenn sem tala ekki ensku og geta ekki bjargað sér. Lög og reglur eru oft bara kynntar á íslensku sem er óásættanlegt," segir Guðmundur og bætir við að það þekkist að íslenskir fangar fái þóknun fyrir að túlka fyrir erlenda fanga.

„Okkur þykir óeðlilegt að fangar séu að túlka fyrir aðra fanga. Það getur til dæmis verið trúnaðarmál sem fanginn þarf að láta þýða sem hann vill ekki að aðrir fangar viti um."

Guðmundur segir að fangar hafi mótmælt þegar Tryggvi var ráðinn deildarstjóri á Litla-Hrauni vegna þess að hann talaði ekki ensku. Þá hafi hann ekki haft viðeigandi menntun né reynslu í málaflokknum sem sé nauðsynleg fyrir mann í hans stöðu.



**Erlendir fangar kvarta undan því að forstöðumaður á Litla-Hrauni tali ekki ensku.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Okkur þykir óeðlilegt að fangar séu að túlka fyrir aðra fanga. Það getur til dæmis verið trúnaðarmál sem fanginn þarf að láta þýða sem hann vill ekki að aðrir fangar viti um.**



Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga

Tryggvi Ágústsson segist tala íslensku við fanga en láti aðra um að tala ensku.

„Hér eru fangaverðir sem tala ýmis tungumál og svo höfum við kallað í túlka þegar það er nauðsynlegt," segir Tryggvi sem tjáir sig ekki um enskukunnáttu sína. „Ég ætla ekki að upplýsa alþjóð um kunnáttu mína hvorki í íslensku né ensku."

Tryggvi segir það geta verið að fangar hafi hjálpað til við að túlka en það sé þá í undantekningartilfellum. Nú sé unnið að því að þýða upplýsingabæklinginn á ensku og fleiri tungumál.

„Með tilliti til nýrra laga munum við uppfæra þennan pakka sem allir fangar fá sem koma hér inn. Það verður þýtt." **nadine@frettabladid.is**




ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Lofað verðlaunum í Wow Cyclothon sem ekki á að afhenda

**VIÐSKIPTI** Keppendur sem komust á verðlaunapall í Wow Cyclothon segja að þeim hafi verið lofað verðlaunum sem ekki stendur til að afhenda.

„Við fengum verðlaunapening og tómt umslag upp á svið og sagt við okkur að vinningarnir yrðu sendir í pósti til okkar,“ segir Jóhannes Óskarsson, liðsstjóri liðsins Tjónaskoðun.is, sem lenti í öðru sæti í karlaflokki meðal fjögurra manna liða. Jóhannes segir að Skúli Mogensen, forstjóri Wow air, hafi afhent verðlaunin og lofað þeim vinningunum. „Við erum búnir að senda tölvupóst og spyrja út í þetta en fengum þau svör að það væru ekki verðlaun fyrir annað sætið,“ segir hann.

Lilja Birgisdóttir, keppnisstjóri Wow Cyclothon, segir að um mistök hafi verið að ræða. „Það hefur alltaf verið í Wow Cyclothon að fyrsta sætið fær verðlaunapening og flugmiða,“ segir Lilja.

Fyrir mistök segir Lilja að einu liði hafi verið afhent umslög í hamaganginum við verðlaunaafhendinguna. „Þeir réttu þeim óvart umslög en við leiðréttum það strax,“ segir hún. „Við töluðum strax við þau og létum þau vita. Ef ég man rétt þá voru umslögin tekin til baka áður en liðið fór niður af sviðinu.“ - ih

> Þeir réttu þeim óvart umslög en við leiðréttum það strax.
>
> Lilja Birgisdóttir, keppnisstjóri WOW Cyclothon



Fjöldi þátttakenda er ávallt í WOW Cyclothon. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Nýr staður þýðir mikla töf

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það að ákveða að byggja yfir þjóðarsjúkrahúsið annars staðar en ráðagerðir eru uppi um í dag, og er raunar hafið, það mun þýða frestun um töluvert langan tíma. Mörg ár,“ segir Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra og vísar til niðurstöðu athugunar Skipulagsstofnunar og Framkvæmdasýslu ríkisins sem hann óskaði eftir.



Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, áætlar að frestunin yrði um tíu til fimmtán ár.

Kristján Möller, þingmaður Samfylkingar, beindi þeirri fyrirspurn til heilbrigðisráðherra í maí hvað það myndi fresta afhendingu nýs Landspítala um mörg ár ef hann yrði ekki byggður við Hringbraut. - gag



Vatni varpað úr þyrlu. NORDICPHOTOS/AFP

## Kalifornía berst við skógarelda

**BANDARÍKIN** Illa gekk að ráða niðurlögum skógarelda sem geisuðu á tveimur stöðum í Kaliforníu um helgina. Þúsundir manna hafa þurft að flýja heimili sín.

Eldarnir hafa kostað að minnsta kosti einn mann lífið. Sá fannst í bíl utan við íbúðarhús í Santa Clarita.

Nærri 1.700 slökkviliðsmenn hafa verið að störfum. - gb

# Fór ránshendi hjá útilegumanni

**Tryggvi Hansen hefur nú dvalið í meira en ár í rjóðri í útjaðri Reykjavíkur og hyggst halda þar til áfram þótt veturinn sem leið hafi verið langur og ískaldur. Þjófur sem gerði sig heimakominn vann skemmdarverk.**

**FÓLK** „Það kom hér maður í heimsókn og þóttist vera vinur minn,“ segir Tryggvi Hansen sem í sumar hefur orðið fyrir barðinu á þjófi og skemmdarvargi í búðum sínum.

Tryggvi hefur haldið til í skóglendi í útjaðri Reykjavíkur. Lengstum dvaldi Tryggvi í tjaldi en kveðst á endanum hafa orðið leiður á því að vera alltaf í frosti og flutti sig þá yfir í leifarnar af gömlum sumarbústað á svæðinu. Þar hafi hann reyndar gefist upp líka vegna mikils sagga og flutt sig undir plasttjald.

Sumarið nýtir Tryggvi til að búa sig betur undir næsta vetur. Hann er einn þekktasti torfhleðslumaður landsins og nýtir kunnáttu sína. Hann er með egglaga byggingu í smíðum.

„Hér verður paradís í eina átt og siðmenningarstofa í aðra átt, það er sem sagt garður og búr og kot í smíðum,“ útskýrir Tryggvi sem býður fólki til sín að læra torfhleðslu. „Þeir læra um veggjagerð og viðarbygginguna inn í og þakið. Og líka um sögu torfbæjarins í gegnum aldirnar, frá hellum og borgum í skála og torfbæ.“

Að mati Tryggva ættu allir Íslendingar að læra að hlaða kot. „Stað þar sem aldrei frýs, þar sem alltaf eru fjórar gráður, jafnvel þótt skelli á ísöld,“ útlistar hann og bætir við að þeir sem komi á námskeið í grjótröðun og byggingalist megi koma með timbur með sér. „Og hver sem ætlar að kasta viði eða vill gefa við hingað er velkominn þakklátlega.“

Sem fyrr segir fékk Tryggvi óæskilega heimsókn á dögunum.

„Sumt hvarf og öðru var dreift hér yfir alla móa,“ segir Tryggvi sem kveðst hafa reiknað út að þjófurinn og skemmdarvargurinn sé maður sem heimsótti hann á dögunum og spilaði sig vinveittan en hafi reynst úlfur í sauðagæru. „Vonandi fæ ég ekki slíka heimsókn aftur.“

gar@frettabladid.is



Tryggvi Hansen mundar forláta boga framan við kofaskrifli sem hann leitaði skjóls í er hann lét undan frostinu í tjaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



HAFIÐ
FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

CITROËN

# HVAÐ Á C4 CACTUS SAMEIGINLEGT MEÐ KAKTUSUM?

CITROËN
C4
CACTUS

VERÐ FRÁ
2.690.000 KR.
STÓRGLÆSILEGUR
300.000 KR.
KAUPAUKI FYLGIR MEÐ
Í TAKMARKAÐAN TÍMA

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ




INTERNATIONAL engine of the year awards 2015

**Kaktusar** eru harðgerðir, lifa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama á við um Citroën C4 Cactus. Veldu hagnýta hönnun, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag.

Citroën C4 Cactus er fáanlegur með BlueHdi dísilvél eða nýrri PureTech bensínvél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn vél ársins (International Engine of the Year). Báðar vélarnar sameina frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C4 Cactus hefur slegið í gegn um allan heim. Glæsilegur kaupauki fylgir með tímabundið. Tryggðu þér eintak.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17. Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*



Lögreglan hefur náð fleirum við of hraðan akstur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nærri fimmtungi fleiri teknir við hraðakstur

**LÖGREGLUMÁL** Nærri fimmtungi fleiri hraðakstursbrot urðu á fyrri helmingi ársins miðað við sama tíma fyrir ári. Alls er 24.421 mál á skrá lögreglu vegna of hraðs aksturs miðað við 20.626 brot á sama tíma árið 2015. Þá fjölgar brotum vegna ölvunaraksturs og þeim fjölgar um níu prósent sem aka undir áhrifum ávanabindandi efna og fíkniefna.

Guðbjörg S. Bergsdóttir hjá embætti ríkislögreglustjóra segir nærtækustu skýringuna að umferð um vegi landsins hefur aukist en samkvæmt teljurum Vegagerðarinnar hefur umferð um þjóðveginn aukist um 13,6 prósent milli ára. Þá fjölgar skráningum vegna heimilisofbeldis um sjö prósent milli ára. Í öðrum brotaflokkum er málafjöldi hins vegar á niðurleið. Þannig fækkar skráðum hegningarlagabrotum um sex prósent milli ára og einnig fækkar þjófnaðar-, fíkniefna-, líkamsárásar- og kynferðisbrotamálum milli ára. Guðbjörg segir hegningarlagabrotum hafi almennt farið fækkandi frá árinu 2009. Helsta skýringin sé að lögreglan hafi farið sérstaklega í vinnu við að kortleggja þjófnaði og innbrot betur sem hafi skilaði sér í fækkun slíkra brota. **– ih**




## Grafir teknar í Kabúl



Íbúar í Kabúl grafa ástvini sína, sem létust í sprengjuárás þar í borg á laugardag. Um 80 manns létu lífið. Íslamska ríkið er sagt bera ábyrgð á árásinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ruslið eykst í takt við aukna heimagistingu

**Tíu prósenta aukning er á blönduðum úrgangi í Reykjavík og tuttugu á framkvæmdaúrgangi frá því í fyrra. Fleiri ferðamenn í heimagistingu gæti verið skýring. Þó nokkrar kvartanir berast Sorphirðunni vegna yfirfullra ruslatunna.**

**SAMFÉLAG** Sorpmagn hefur aukist milli ára. Aukningin er um það bil tíu prósent á blönduðum úrgangi og um tuttugu prósent á framkvæmdaúrgangi frá því á sama tímabili í fyrra.

„Júlí er oft annasamur mánuður en þær tölur sem við erum með sýna aukningu,“ segir Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva Sorpu. Tölurnar eiga við sorp á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Sorphirðu Reykjavíkur hafa þó nokkrar kvartanir borist undanfarið vegna yfirfullra ruslatunna í borginni.

„Meira fólki fylgir auðvitað meira rusl og ég hef það á tilfinningunni að aukningin sé meðal annars vegna heimagistingar ferðamanna,“ segir Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri Sorphirðu Reykjavíkurborgar.

Sigríður bætir við að eðlilegt sé að sorpmagn aukist í borginni miðað við allan þann fjölda ferðamanna sem gista í heimahúsum þessa dagana.

„Við getum auðvitað ekki staðhæft að þetta sé vegna þeirra en við höfum það á tilfinningunni og heyrum það á íbúum,“ segir Sigríður. Að sögn Sigríðar gefur auga leið að ef fólk er að leigja út til ferðamanna þá þurfi það að fá sér fleiri ruslatunnur.

„Leiðin til að bregðast við er að fá sér fleiri ílát eftir þörfum. Einnig þurfa íbúðareigendur að fræða og upplýsa gesti sína um það hvaða flokkun sé til staðar og hvað megi setja í ílátin,“ segir Sigríður.



Kvartanir berast vegna yfirfullra sorptunna í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Leiðin til að bregðast við er að fá sér fleiri ílát eftir þörfum. Einnig þurfa íbúðareigendur að fræða og upplýsa gesti sína um það hvaða flokkun sé til staðar og hvað megi setja í ílátin.**
>
> Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri Sorphirðu Reykjavíkurborgar

Guðmundur Tryggvi tekur undir þetta og segir að klárlega hafi fleiri íbúðir í útleigu áhrif á úrgangsmagn meðal annarra þátta.

„Þegar það er mikil aukning á skömmum tíma verður maður að spyrja sig hvað sé í gangi,“ segir Guðmundur Tryggvi en varðandi flokkun á rusli þætti honum langeðlilegast að þeir sem leigja út íbúðir sínar ættu að upplýsa og fræða ferðamenn um flokkunina.

nadine@frettabladid.is




# GRÍSARIF

## Fullelduð, aðeins 10 mín. á grilli, 4 tegundir af BBQ sósum

Extra mikil BBQ sósa í pakkningunum til að pensla eftir hitun.

SWEET BABY RAY'S
GOURMET SAUCES

·Sweet Baby Ray´s hunangs
·Sweet Baby Ray´s Original

Kaldi

·Kaldi BBQ
·Kaldi rótarbjórs BBQ

Gildir til 31. júlí á meðan birgðir endast.




**Nescafé**
Cappuccino, Latte Macchiato og 3 in 1.




**Morgunkorn**
Úrval af öllum stærðum.




**Moma hafragrautar**
Trönuber og rúsínur, Plain, Golden syrup og Plain án viðbætts sykurs.




41 kr/pk

**Rookee núðlur**
Núðlur og heitt vatn - góðir vinir.

99 kr/stk




69 kr/stk

**Euroshopper orkudrykkir**
Orka í hverjum sopa.




**Jói Fel salöt**
Humus, Laxa-, rækju-, túnfisk- og skinkusalat.

VIÐ ELSKUM AÐ GRILLA

Nýtt í Hagkaup

## ÞESSAR VERÐUR ÞÚ AÐ SMAKKA!




24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



Debbie Wasserman Schultz flytur hvorki ræðu né stjórnar fundum. NORDICPHOTOS/AFP

## Dregur sig í hlé á landsþingi eftir lekahneyksli

**BANDARÍKIN** Debbie Wasserman Schultz, framkvæmdastjóri Demókrataflokksins, hefur hætt við að flytja ræðu á landsþinginu sem hefst í dag.

Hún hefur auk þess hætt við að fara með fundarstjórn á þinginu.

Ástæðan eru upplýsingar úr tölvupósti, sem áttu að fara leynt, en hafa verið birtar á vefsíðum Wikileaks.

Í póstunum kemur fram að Schultz og fleiri áhrifamenn í flokknum studdu eindregið Hillary Clinton gegn Bernie Sanders í forkosningum flokksins.

Sanders segir þetta ekki koma sér neitt sérstaklega á óvart, enda hafi hann lengi gagnrýnt Schultz harðlega fyrir að hafa dregið taum Clintons, þótt hún hafi átt að vera hlutlaus í þessum forkosningum.

Á landsþinginu, sem stendur fram á fimmtudag, verður Clinton formlega útnefnd forsetaefni flokksins og Tim Kaine varaforsetaefni hennar. Meðal þeirra sem flytja ávarp til stuðnings Clinton verður Bernie Sanders. **- gb**

# Ræða hertar skotvopnareglur

Árásarmaðurinn í München sagður einrænn, þunglyndur og hafa sætt einelti. Hann myrti níu manns og tíu aðrir eru í lífshættu. Flestir hinna látnu voru á unglingsaldri og af tyrkneskum eða arabískum uppruna.

**ÞÝSKALAND** Flestir þeirra níu, sem hinn átján ára gamli Ali Sonboly myrti í skotárás í München á föstudag, voru á aldrinu 13 til 19 ára. Einungis einn var þýskur að uppruna, hinir voru af tyrkneskum eða arabískum uppruna.

Einn þeirra, grískur piltur að nafni Huseyin Dayicik, bjargaði tvíburasystur sinni með því að kasta sér fyrir hana, en féll sjálfur fyrir byssuskoti frá Sonboly.

Í gær voru 27 manns enn á sjúkrahúsi vegna meiðsla, þar af tíu í lífshættu.

Árásarmaðurinn er sagður hafa undirbúið árásina í heilt ár, en í Þýskalandi er nú meðal annars spurt hvort hægt hefði verið að koma í veg fyrir að hann gæti útvegað sér vopn til árásarinnar.

„Við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að takmarka aðgang fólks að vopnum og herða eftirlit,“ er í þarlendum fjölmiðlum haft eftir Sigmar Gabriel, varakanslara landsins, sem vill herða skotvopnalöggjöf landsins verulega.

Sjálfur er Sonboly sagður hafa verið einrænn, þunglyndur og sætt einelti í skóla. Hann hafi haft einkennilegt göngulag og sérstæðan talanda, sem óspart var gert grín að honum fyrir. Nágrannar hans segjast hafa þekkt hann strax á göngulaginu á myndböndum, sem birtust af honum þar sem hann var að skjóta á fólk.



Fjöldi fólks hefur lagt leið sína að verslunarmiðstöðinni í München, þar sem átján ára piltur myrti níu manns á föstudaginn, til að minnast hinna látnu. NORDICPHOTOS/AFP

Faðir hans þekkti hann einnig á myndbandinu og hafði þá strax samband við lögregluna.

Hann var af írönskum uppruna en fæddur og uppalinn í München þar sem hann bjó hjá foreldrum sínum og systkinum. Hann er sagður hafa haft fjöldamorð á heilanum, þar á meðal hryðjuverk Anders Behrings Breivik í Noregi fyrir fimm árum. Hann hafi líka farið til bæjarins Winnenden til að skoða vettvang fjöldamorða í skóla, þar sem sautján ára piltur myrti 15 manns í skotárás árið 2009.

Lögreglan segir að í tölvu hans hafi fundist einhvers konar yfirlýsing, en vildi ekki upplýsa nánar um innihald hennar. **gudsteinn@frettabladid.is**


Frískandi Nescafé – tilbúið til drykkjar




Fullkomin blanda af ljúffengu kaffi og súkkulaði.

Kröftugt kaffibragð með örlitlum sykri fyrir þroskaða bragðlauka.

Sígilt bragð, hressandi kaffi og silkimjúk mjólkurslæða.

Það hefst með NESCAFÉ

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

# SJÓÐHEITUR SÓLARsprettur Plúsferða

Ekki láta þetta framhjá þér fara!

## Hefst í dag 25. júlí kl. 12:00 og stendur í sólarhring!

Fleiri dagsetningar og verðdæmi á plusferdir.is!

## Kanarí

**Teneguia** ★★

FRÁ: **54.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 68.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 3. ágúst

7 nætur

## Mallorca

**Vista Club** ★★★

FRÁ: **59.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 98.500 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 2. ágúst

7 nætur

## Almería

**Playaluna** ★★★★

FRÁ: **68.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi og hálfu fæði. Verð frá 89.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 18. ágúst

7 nætur

Brottfarir á betra verði! | Kanarí 3., 10., 17., 24. og 31. ágúst | Mallorca 2. og 9 ágúst | Almería 4., 11. og 18. ágúst | Benidorm og Albír 2., 5. og 9. ágúst

## Kanarí

**Montemar** ★★

FRÁ: **64.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum. Verð frá 79.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 10. ágúst

7 nætur

## Mallorca

**Sol Alcudia Center** ★★★

FRÁ: **76.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 112.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 9. ágúst

7 nætur

## Benidorm

**Hotel Oasis Plaza** ★★★

FRÁ: **89.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 119.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 9. ágúst

7 nætur

* innifalið: Flug, skattar, gisting, taska og fararstjórn.

Verð miðast við að bókað sé á netinu og á aðeins við um nýjar bókanir. Birt með fyrirvara um prentvillur.

plús FERÐIR

www.plusferdir.is



Donald Trump, sem nú er orðinn forsetaframbjóðandi flokks repúblikana. NORDICPHOTOS/AFP

# Donald Trump formlega orðinn forsetaframbjóðandi repúblikana

**Landsþing repúblikana í Bandaríkjunum fór fram um helgina. Donald Trump var formlega útnefndur til forsetaframboðs með varaforsetaefnið Mike Pence sér við hlið. Landsþingsmenn kölluðu eftir fangelsun Hillary Clinton. Stjórnmálaferill Ted Cruz sagður á enda. Meirihluti rýnihóps segist líklegri til að kjósa Trump eftir langa ræðu hans.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



„Vinir, landsfundarfulltrúar og kæru samlandar. Af auðmýkt og þakklæti samþykki ég útnefningu ykkar til forsetaframboðs,“ sagði Donald Trump, sem nú er opinberlega orðinn forsetaframbjóðandi repúblikana í Bandaríkjunum, í ræðu sinni á landsfundi flokksins á síðasta degi fundarins fyrir helgi. Trump skrifaði undir nauðsynleg skjöl stuttu eftir ræðuna sem staðfestu framboðið.

Landsþingið hófst á mánudagskvöld en því lauk aðfaranótt föstudagsins fyrir helgi með ræðu Trumps. Eftir ræðuna voru mikil hátíðahöld, blöðrur í fánalitunum féllu úr loftinu og flugeldum var skotið á loft.

### Sonurinn innsiglaði sigurinn

Þingið markar lok forkosningabaráttunnar þar sem Trump atti kappi við sextán aðra repúblikana, meðal annars þingmennina Ted Cruz og Marco Rubio sem og ríkisstjórann fyrrverandi Jeb Bush. Kosningakerfið virkar þannig, líkt og í almennu kosningunum, að flokksmeðlimir hvers fylkis kjósa fulltrúa sem síðan mæta á landsþingið til að kjósa frambjóðanda fyrir þeirra hönd. Landsþingsfulltrúarnir greiddu atkvæði á þriðjudaginn og kusu fylkin eftir stafrófsröð.

New York, heimafylki Trumps, sat hjá þegar að því kom en er Oklahoma átti að kjósa skiptu fulltrúar yfir til New York. Þar var mættur Donald Trump yngri, sonur frambjóðandans, sem fékk þann heiður að greiða Trump þau atkvæði sem dugðu til að tryggja honum meirihluta.

Kvöldin fjögur, eða næturnar ef miðað er við íslenskan tíma, fóru hins vegar í ræðuhöld. Þar héldu kjörnir repúblikanar á borð við Chris Christie, ríkisstjóra New Jersey, Ted Cruz og Marco Rubio, fólk úr atvinnulífinu sem og Trump-fjölskyldan ræður.

**Clinton**
**45%**
**Trump**
**43%**
samkvæmt meðaltali skoðanakannana RealClear Politics.

### Vill gera Bandaríkin örugg

Ræða Trumps var sú lengsta hjá forsetaframbjóðanda við lok landsþings í meira en fjörutíu ár og talaði Trump í rúman klukkutíma. Trump, sem fór yfir víðan völl í ræðu sinni, talaði einna helst um þær hættur sem steðja að og útlistaði áform sín.

Sagðist hann munu gera allt sem í valdi sínu stæði til að tryggja öryggi borgara. „Árásirnar á lögreglumenn okkar og hryðjuverkin í borgum okkar ógna lífsstíl okkar,“ sagði Trump og vísaði meðal annars til þess er lögreglumenn voru myrtir í Dallas fyrr í mánuðinum sem og til hryðjuverkanna í San Bernardino síðasta vetur. Þá ítrekaði hann áform sín um að byggja vegg á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó til að koma í veg fyrir að fólk flytjist ólöglega til Bandaríkjanna. Hann talaði um kynni sín af foreldrum barna sem ólöglegir innflytjendur hefðu myrt.

„Það er mjög mikilvægt að við heftum strax innflutning fólks frá löndum sem hryðjuverkasamtök hafa hreiðrað um sig í þar til við getum sannreynt að viðkomandi innflytjendur hafi ekkert illt í huga,“ sagði Trump einnig. Áður hafði hann talað um að banna innflutning allra múslima en í ræðu sinni minnist hann ekki sérstaklega á múslima.

### Sökuð um ritstuld

Öll börn Trumps nema það yngsta fluttu ræður um föður sinn og útskýrðu af hverju þau teldu hann besta kostinn í forsetaembættið. Synirnir, Eric og Donald, fluttu ræður sem fjölluðu að mestu um stefnumál föðurins. Donald yngri sagði að Bandaríkin þörfnuðust „athafnamanns sem hefði skapað tugi þúsunda starfa“. Tiffany, yngri dóttir hans, talaði um persónulega reynslu sína af föður sínum en Ivanka, sem var hægri hönd föður síns í þáttunum The Apprentice, varð þess heiðurs aðnjótandi að flytja næstsíðustu ræðu þingsins þar sem hún kynnti föður sinn upp á svið.

Ræða Melaniu, eiginkonu Trumps, vakti hins vegar mesta athygli. Var hún sökuð um að hafa stolið hlutaúr sams konar ræðu forsetafrúarinnar Michelle Obama frá árinu 2008 og sett í fimmtán mínútna langa ræðu sína. Ræðuskrifari Melaniu baðst í kjölfarið afsökunar og bauðst til að segja af sér. Frambjóðandinn þáði þó ekki boðið.

### Jafnvægi á kjörseðlinum

Mike Pence, varaforsetaefni Trump, flutti sína eigin ræðu. Fór hann þar yfir feril sinn sem ríkisstjóri Indiana og sagðist hafa stórbætt fjárhag fylkisins. Pence fjallaði einnig um mikilvægi þess að flokkurinn sameinaðist um Trump til að koma í veg fyrir að Clinton yrði forseti.

Þá gerði Pence grín að sjálfum sér. „Donald Trump er þekktur fyrir mikinn persónuleika sinn, fjölbreyttan stíl og persónutöfra. Ég held hann hafi bara verið að leita að jafnvægi með því að hafa mig með á kjörseðlinum,“ sagði Pence er hann bar sig saman við Trump.

### Jákvæð viðbrögð

Tvær nýjar skoðanakannanir hafa birst frá því landsþinginu lauk. Í könnun LA Times mælist Trump með þriggja prósenta forskot á Clinton, 45 prósent fylgi gegn 42 prósentum. Þá mælist Trump með tveggja prósenta forskot í könnun Gravis.

Viðbrögð fjölmenns rýnihóps fréttastofu CNN sem fylgdist með ræðu Trumps bentu til þess að fylgi Trumps myndi aukast. 57 prósent hópsins sögðu viðbrögð sín við ræðunni mjög jákvæð en aðeins 24 prósent sögðu þau neikvæð. Átján prósent sögðu þau frekar jákvæð. Þá sögðu 56 prósent ræðu Trumps gera sig líklegri til að kjósa hann, tíu prósent sögðu það ólíklegra en 32 prósent sögðu skoðun sína óbreytta.

Clinton mælist nú með 1,9 prósenta forskot samkvæmt meðaltali skoðanakannana RealClear Politics. Mælist Clinton með 44,6 fylgi prósent en Trump 42,7 prósent. Þá leiðir Trump í þremur þeirra tíu kannana sem meðaltalið er unnið úr. Jafnt er í einni og Clinton yfir í hinum.




Mikill fjöldi áhorfenda krafðist fangelsunar Hillary Clinton.

## Vilja fangelsa Hillary Clinton

Landsþingsgestum til mikillar gleði fjallaði Donald Trump um væntanlegan frambjóðanda demókrata, Hillary Clinton. „Hvað stöndum við uppi með eftir fjögur ár af Hillary Clinton? Íslamska ríkið hefur dreift úr sér víða um heim. Líbýa er rústir einar og sendiherra okkar í landinu var myrtur með starfsliði sínu. Egyptaland féll í hendur hins róttæka Bræðralags múslima sem leiddi til valdarán hersins. Glundroði er í Írak. Íran er vel á veg komið með að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Borgarastyrjöld er í Sýrlandi og flóttamannavandinn ógnar vestrinu,“ sagði Trump.

„Þetta er arfleifð Hillary Clinton. Dauði, eyðilegging, hryðjuverk og vanmætti,“ bætti hann við.

Þegar Trump fjallaði um tölvupóstsvandamál Clinton, og sagði að hún hefði eytt 33 þúsund tölvupóstum af einkapóstfangi sínu, sem hún notaði í starfi sínu sem utanríkisráðherra, til að alríkislögreglan gæti ekki uppgötvað glæpi hennar, ætlaði allt um koll að keyra í salnum.

„Læsið hana inni! (e. lock her up)“ hrópuðu fjölmargir síendurtekið líkt og salurinn hafði raunar gert nær allt þingið hvenær sem minnst var á Clinton.

## Ferillinn sagður á enda hjá Cruz

Ted Cruz, sem var höfuðandstæðingur Trumps í forkosningunum, hélt sína ræðu á landsþinginu. Hann lýsti hins vegar ekki yfir stuðningi við Trump í ræðu sinni og þegar salurinn kallaði að honum og krafðist þess hélt hann ótrauður áfram. Morguninn eftir neitaði hann enn að styðja frambjóðanda flokks síns og sagðist ekki ætla að vera þægur kjölturakki.

Allir frambjóðendur flokksins skrifuðu undir drengskaparheit í upphafi kosningabaráttunnar þar sem þeir hétu því að styðja frambjóðandann, hver sem hann yrði. Cruz ítrekaði þetta heit í kappræðum í vor.

Fjölmiðla- og stjórnmálamenn vestanhafs hafa lýst ræðu Cruz sem endalokum ferils hans. „Ræða Cruz var lengsta sjálfsmorðsbréf bandarískrar stjórnmálasögu og í morgun bætti hann við viðauka,“ sagði blaðamaðurinn Charles Krauthammer daginn eftir ræðu Cruz. Undir þetta tók meðal annars Sarah Pailin, fyrrverandi ríkisstjóri Alaska og varaforsetaefni flokksins árið 2008.



Ted Cruz styður Trump ekki.

# OUTLETSPRENGJA

# 40-90%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

## 25.-26. JÚLÍ





**ELMA** 31.995 kr. ~~58.990~~ kr.

DÖMU DÚNÚLPA



**YLFA** 7.995 kr. ~~15.990~~ kr.

MJÚKSKEL

**DÚNA** 19.195 kr. ~~34.490~~ kr.

BARNA DÚNÚLPA



**SONJA** 1.995 kr. ~~4.990~~ kr.

FLÍSVETTLINGAR



**JÚLÍA / JASON** 12.315 kr. ~~21.990~~ kr.

FLÍSPEYSA

**Mánudagur - Föstudag** ........ **10 - 18**

**Laugardagur** ........ **10 - 16**

**CINTAMANI OUTLET**

Austurhraun 3, Garðabæ | www.cintamani.is

# Hvað viljum við?



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Fjöldamorðin í München á föstudag, þar sem átján ára gamall piltur myrti níu manns og særði fjölda fólks áður en hann tók eigið líf, eru ekki aðeins áfall fyrir þýsku þjóðina heldur Evrópu alla. Skammt er liðið frá hinni skelfilegu árás fjöldamorðingjans í Nice, hryðjuverkaárásunum í París og fleiri voðaverkum sem eru okkur um þessar mundir ofarlega í huga.

Það er mikið umhugsunarefni að fjöldamorðin í München minna um margt á skotárásir ungra karlmanna, einkum á skólabræður sína og -systur, sem hafa farið sem faraldur um Bandaríkin á undangengnum misserum. Þar í landi er auðvelt aðgengi að hvers kyns skotvopnum, sem framleidd eru með það að markmiði að eyða sem flestum mannslífum á sem skemmstum tíma, í nafni frelsis og réttar einstaklingsins til vopnaburðar og sjálfsvarnar. Hinn átján ára gamli Ali David Sonboly bjó þó ekki í slíku samfélagi heldur nýtti sér netið til þess að verða sér úti um vopn með ólöglegum hætti. Viðbrögðin í Þýskalandi eru líka á þann veg að kalla eftir hertri vopnalöggjöf og hindra enn frekar aðgengi að skotvopnum sem hljómar nú ólíkt skynsamlegra en að leitast við að hlaða vopnum á hvert mannsbarn eins og manni finnst á stundum að sé markmiðið í Bandaríkjunum.

En það er líka mikilvægt að leita að skýringum á slíkum voðaverkum eins og því sem átti sér stað í München á föstudaginn og íslenskt samfélag þarf að vera reiðubúið til þess að taka þátt í slíkri skoðun sem hluti af hinni vestrænu veröld. Við þurfum að vera reiðubúin til að horfast í augu við að á þessu séu hvorki einfaldar né einhlítar skýringar. Viðbrögðin sýna að fyrst er horft til þess möguleika að hér sé á ferðinni hryðjuverkaárás, en ef það stenst ekki er líf og saga viðkomandi árásarmanns skoðuð gaumgæfilega. Þar er oft litið til persónulegra vandamála s.s. mögulegs þunglyndis, geðsjúkdóma og félagslegrar einangrunar. Það er auðvitað eðlilegt að grannskoða líf slíkra manna en við þurfum að muna að geðveikir eru ekki verri en annað fólk. Geðsjúkdómum fylgir ekki eðlislæg illska, langt því frá.

Við þurfum því að hafa hugrekki til þess að skoða samfélagið í heild. Skoða þær aðstæður sem við sköpum fólki og hvort við stöndum okkur með viðunandi hætti í að gæta hvert að öðru. Við þurfum líka að skoða hvort efnishyggjudrifið samfélag er að verða ungu fólki um megn, ungu fólki sem hefur lent undir í lífinu og finnst það eiga sér litla sem enga framtíð. Ef við viljum að samfélag okkar sé byggt á náungakærleika og samhjálp þurfum við að velta við hverjum steini, skoða hvað má betur fara og vera reiðubúin til þess að gera breytingar í átt betra lífs fyrir okkur öll.

Í þessu er alls ekki fólginn dómur yfir því samfélagi sem við búum í og höfum skapað, heldur eðlileg og réttmæt þörf fyrir að gera betur fyrir okkur sjálf jafnt sem afkomendur okkar. Það hljótum við öll að geta sammælst um að sé okkur öllum til góðs.

**Við þurfum því að hafa hugrekki til þess að skoða samfélagið í heild.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Stéttaskipt heilbrigðiskerfi**

**Kári Stefánsson segir í skoðanagrein sinni í Fréttablaði dagsins að hugmyndir MCPB um að reisa einkarekið sjúkrahús fyrir útlendinga í Mosfellsbæ myndi leiða til stéttaskiptingar í heilbrigðiskerfinu. Á það má fallast. Vitanlega yrði manneklan á Landspítalanum enn meiri en hún er nú þar sem nýi spítalinn myndi reyna að lokka til sín hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Það myndi svo í kjölfarið orsaka mun verri þjónustu. Þessum vanda er ekki hægt að bæta ofan á slæman húsakost spítalans með góðri samvisku.**

**Að svæfa ísbjörninn**

**Kári, skemmtilegur penni eins og venjulega, segir að gera ætti við Pedro Brugada, sem stýrir verkefninu um nýja spítalann, líkt og gert er við ísbirnina. Þó segir Kári að deyfa ætti Brugada og flytja á Grænlandsjökul. Vel að orði komist og ágætt væri ef slíkt hið sama væri gert við ísbirni í stað þess að skjóta þá. Ísbjarnarstofninn er hætt kominn og hvert dýr skiptir máli. Það er óskiljanlegt að yfirvöld hafi ekki komið sér upp búnaði svo hægt sé að ferja björninn annað í flýti, sérstaklega í ljósi þess hve birnir eru tíðir gestir síðustu misseri. Með drápunum sýna yfirvöld lífi dýra og vistkerfinu virðingarleysi.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Varnarvísitala lágtekjufólks



Ögmundur Jónasson
þingmaður
Vinstri grænna

Tillaga: Samið verði um vísitölubundið launabil. Fjármálaráðuneytið eða stofnanir sem undir það heyra semji á þann veg í kjarasamningum að lægstu föstu launagreiðslur verði aldrei lægri en þriðjungur af hæstu föstu launagreiðslum.

Krafan um hækkun lægstu launa er virðingarverð og ber að styðja af alefli. Viðleitni okkar á hins vegar ekki einvörðungu að snúa að lægstu töxtum heldur að því að gera launakerfið í heild sinni réttlátara með því að tryggja að lægstu laun fylgi að lágmarki þróun hæstu launa. Ákjósanlegast væri að launabilið yrði talsvert minna en nemur þreföldum mun en með þessari launastefnu yrði engu að síður dregið úr kjaramisréttinu.

Í stað þess að beðið sé eftir því að gengið hafi verið frá samningum láglaunamannsins svo smyrja megi á kjör hátekjufólksins, þá yrði nú byggð inn í kerfið eins konar varnarvísitala fyrir lægstu launin. Annar kostur og betri væri að ákveða fyrst kjör hinn hæstu og ganga að því búnu frá almennum kjarasamningum. Ella kæmi til kasta varnarvísitölunnar. Þegar vísað er til fastra greiðslna er ekki einvörðungu átt við sjálfan launataxtann heldur einnig aðrar fastar greiðslur, þ.e. hvers kyns álag og fríðindi sem flokka má til ávinnings. Sveitarfélögin verði hvött til þess að fylgja einnig þessari stefnu.

Enda þótt launabilið hjá hinu opinbera sé óásættanlega mikið, þá er ranglætið hjóm eitt miðað við almenna markaðinn þar sem sjálftökumenn skammta sér í mánaðartekjur jafnvel margföld árslaun verkafólks. Með löggjöf verður þetta ekki lagað en fordæmi almannaþjónustunnar gæti orðið siðferðilegur vegvísir. Þá má ætla að samningamenn reyndu að koma ákvæðum um varnarvísitölu lágtekjufólks inn í kjarasamninga á almenna markaðnum. Viðmiðið gæti verið meðaltalslaun stjórnar Samtaka atvinnulífsins. Án öryggistappa af þessu tagi yrði víðtækt handjárnað samflot á launamarkaði alltaf á forsendum hátekjufólksins. Enda mikill ákafi þar á bæ að koma slíku fyrirkomulagi á.

Síðan kæmu hátekjuskattar til sögunnar til að draga úr grófasta misréttinu sem út af stæði.

**Annar kostur og betri væri að ákveða fyrst kjör hinn hæstu og ganga að því búnu frá almenum kjarasamningum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Gallsteinar og gullsteinar

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Daglega streymir inn í landið fólk frá öllum heimshornum þeirra erinda að sjá Gullfoss&Geysi, borða pylsu á Bæjarins bestu, fara í sund og sjá hval undir norðurljósum og hvað það nú er sem allt þetta fólk er að vilja hingað. Allir þessi útlendingar. Og samt er eins og okkur reki í rogastans þegar hingað kemur útlendingur og tilkynnir okkur um stórfengleg áform sín um fjárfestingar. Þá er hreinlega eins og við höfum aldrei séð útlending; staðaryfirvöld verða ógurlega spennt og varpa fyrir róða öllum prinsippum og almennum sjónarmiðum og skella skollaeyrum við öllum varnaðarorðum. Já en þetta er útlendingur! Og hann ætlar að fjárfesta – sjálfur útlendingurinn!! Við megum ekki styggja hann með einhverjum heimóttarskap, prinsippum og reglugerðum ... Við fáum fullt af pééning.

**Hollendingurinn smjúgandi**

Nú er kominn nýr Nupo, að þessu sinni frá því blauta Hollandi, og segist ætla að reisa 30.000 fermetra lúxussjúkrahús handa veikum auðkýfingum til að fara í aðgerðir. Það er að vísu svolítið erfitt að átta sig á því hvers vegna til dæmis Austurríkismaður með gallsteina ætti að vilja fljúga hingað í aðgerð frekar en að fara bara á næsta spítala, en það er ekki gott að vita hvernig ríkisbubbar hugsa. Þeir búa í ríkisbubbalandinu þar sem gallsteinar eru gullsteinar – í huga þess sem þá hefur.

Hollendingurinn sá arna virðist af fréttum að dæma helst gegna nafninu MCPB ehf. – og er félagið hans að sjálfsögðu í eigu félags sem heitir eitthvað með „holding“– og leyndarmál hverjir eiga. Áform hans eru reist kringum spænskan hjartalækni að nafni dr. Pedro Brugada, sem getur breytt galli í gull.

Ýmislegt er skrýtið við þessi áform, ekki síst sú ráðagerð að ætla að reisa spítalann og fá síðan leyfið til að reka hann. Hvað gera menn ef leyfið fæst svo ekki fyrir fullreistan spítala af sömu stærð og Landspítalinn? Breyta honum í hesthús?

Augljóst er að menn þykjast þess fullvissir að leyfið sé bara formsatriði. Heilbrigðisráðherra segist ekki hafa heyrt um þessi áform áður og virðist andvígur þeim. Getur verið þá að samflokksmenn hans í Sjálfstæðisflokknum sem stjórna Mosfellsbæ hafi fullvissað Hollendinginn um að auðvelt verði að smjúga fram hjá reglum og pólitískri stefnumörkun íslenskra yfirvalda?

**Grundvallarsjónarmið**

Einkarekstur í smáum stíl hefur reyndar tíðkast um árabil í íslenskri heilbrigðisþjónustu. Domus Medica er dæmi um slíkan rekstur og má vera að dæmum af því tagi eigi eftir að fjölga þegar fram líða stundir. Í þessu sem öðru gæti samvinnurekstur jafnvel átt framtíðina fyrir sér.

Rekstrarformið er ekki trúaratriði heldur varðar hitt mestu, að allir landsmenn hafi aðgang að góðri heilsugæslu sér að kostnaðarlausu. Á því hafa verið meinbugir, alltof mikið er um að sjúklingar séu hér rukkaðir fyrir sjúkdóma sína og nauðsynlegar rannsóknir, svokölluð kostnaðarhlutdeild sjúklinga hefur orðið alltof stór hluti af fjármögnun heilbrigðiskerfisins.

Við þráttum og þrösum hér um allt milli himins og jarðar, eins og vera ber, en eitt höfum við verið sammála um flest okkar, nema kannski öfgasinnað markaðstrúarfólk og sérstakir hugsjónamenn um misskiptingu og óréttlæti: Stéttaskiptingar á ekki að gæta í skólakerfinu og heilbrigðiskerfinu. Ýmsar rannsóknir og kannanir hafa leitt í ljós að yfirgnæfandi meirihluti landsmanna er á þessari skoðun, og vill ekki sjá stórfellda markaðsvæðingu á lækningum.

> **Og hann ætlar að fjárfesta – sjálfur útlendingurinn!! Við megum ekki styggja hann með einhverjum heimóttarskap, prinsippum og reglugerðum ... Við fáum fullt af pééning.**

Hér á landi eiga ekki að vera sérstakir skólar fyrir útvalin ríkismannabörn og aðrir fyrir fátæk börn; og við viljum heldur ekki sjá sérstaka spítala fyrir útvalda ríkisbubba, þar sem hægt sé að greiða sérstaklega fyrir bestu þjónustu meðan lakari þjónusta sé í boði hjá sjúkrahúsum í opinberri eigu.

Sérstakur auðkýfingaspítali í Mosfellsbæ fyrir gullrassa heimsins gengur þvert á hugmyndir okkar um tilhögun heilbrigðismála í góðu samfélagi. Slíkur spítali samræmist ekki grundvallarsjónarmiðum okkar um jafnan rétt burtséð frá búsetu, stétt, kyni, aldri eða auðsæld. Um slíka stefnubreytingu í íslensku samfélagi geta menn í Mosfellsbæ ekki tekið ákvarðanir sisvona, jafnvel þótt þeir geti fengið fullt af pééning.

# Fyrst það má skjóta ísbirni



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Það er stundum erfitt að átta sig á því hvers vegna undur og stórmerki gerast. Það er líka oftast ómögulegt að skilja eðli og afleiðingar undranna og stórmerkjanna nema maður fái svar við hvers vegna spurningunni.

Til dæmis er erfitt að skilja þau undur og stórmerki að mönnum detti í hug að reisa 30.000 fermetra sjúkrahús í Mosfellsbæ til þess að þjónusta útlendinga án þess að vita hvers vegna: Ekki er það vegna þess að það sé til staðar á Íslandi sérþekking eða óvanaleg geta á því sviði sem sjúkrahúsinu er ætlað að starfa á vegna þess að forsvarsmenn þess eru búnir að segja okkur að allt slíkt muni koma að utan. Ekki er það vegna þess að Ísland sé staðsett nálægt þeim sjúklingum sem sjúkrahúsinu er ætlað að sinna.

Það yrði að fljúga með þá til og frá landinu. Það sem meira er þá yrði að öllum líkindum að gera slíkt hið sama við sérfræðingana sem eiga að bera uppi læknisfræðina á staðnum.

Það er hins vegar athyglisvert að meðal fjárhagslegra bakhjarla hugmyndarinnar um útlendingasjúkrahús í Mosfellsbæ eru aðilar sem hafa fjárfest í heilbrigðisstofnunum í þriðjaheiminum. Það kæmi mér því ekki á óvart að þeir vildu reisa sjúkrahús á Íslandi vegna þess að þeir hefðu náð sér í ástæður til þess að ætla að hér á landi þyrftu menn ekki að uppfylla eins stíf skilyrði til þess að fá að reka sjúkrahús eins og annars staðar í Evrópu; þeir kæmust upp með meira hér en annars staðar.

Það ber líka að hafa í huga að þótt okkur sé sagt að sjúkrahúsinu sé fyrst og fremst ætlað að þjóna útlendingum þá hefur læknisfræðitúrismi reynst erfiður bissness og því ekki bara líklegt heldur meira en víst að það færi hægt og hægt að draga til sín fé frá heilbrigðiskerfi íslensks almennings og leggja af mörkum til þess að búa til stéttaskiptingu í heilbrigðisþjónustu í landinu sem við erum flest sammála um að sé með öllu óþolandi. Það sem alvarlegast er þó við hugmyndina um útlendingaspítalann er að honum er ætlað að ráða þúsund manns til starfa á sama tíma og okkur reynist erfitt að manna þær heilbrigðisstofnanir sem þjónusta landsmenn.

Útlendingaspítalinn myndi því rústa því sem eftir er af íslensku heilbrigðiskerfi og gera endurreisn þess margfalt erfiðari en ella. Lífi og limum landsmanna steðjar því hætta af Brugada og hugmyndum hans um það hvernig hann geti gert sér fé úr heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Ég veit fyrir víst að heilbrigðismálaráðherra er mjög mótfallinn hugmyndinni um útlendingaspítalann þótt einhver hafi náð mynd af honum með höfundum hennar og hvet hann til þess að sýna leiftrandi festu við að koma í veg fyrir að henni verði hrint í framkvæmd. Ég vil benda honum á að þegar ísbirnir ganga á land og lifi okkar og limum steðjar hætta af þeim leyfum við okkur að skjóta þá.

> **Það yrði að fljúga með þá til og frá landinu. Það sem meira er þá yrði að öllum líkindum að gera slíkt hið sama við sérfræðingana sem eiga að bera uppi læknisfræðina á staðnum.**

